

132 Samkvæmt þegnlegum tillögum utanríkisráðaneytisins í Kaupmannahöfn hefir 24. febr. Hans hátign konunginum 24. febr. allramildilegast þóknast að staðfesta eftirfarandi

Skipulagsskrá

fyrir „Verðlaunasjóð Carnegies handa þeim, er hugprýði sýna“.

Skipulagsskráin er þannig:

1. gr.

Nafn sjóðsins er »Verðlaunasjóður Carnegies handa þeim, er hugprýði sýna«. (Carnegies Belönningsfond for Heltedmod).

2. gr.

Sjóðurinn er sjálfstæð stofnun, og nær starfsvið hans yfir veldi Danakonungs að meðtöldu landhelgissvæðinu eins og það nú er.

Sjóðurinn stendur undir umsjón utanríkisráðuneytisins og innanríkisráðuneytisins. Stjórn sjóðsins á aðsetur í Kaupmannahöfn.

3. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er 125000 dollarar eða í danskri mynt hjerumbil 465300 kr., sem hr. Andrew Carnegie hefir gefið Hans hátign Danmerkurkonungi og Hennar hátign Danmerkurdrotningu umráð yfir til stofnunar sjóðs þessa. Höfuðstóllinn er útlagður sjóðnum í verðbrjefum ávöxtuðum með 5 %.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að greiða verðlaun fyrir vasklega framgöngu karla eða kvenna í friðarathöfn, er til þess að bjarga lífi manna baka sjer heilsutjón eða limlesti eða sjálf láta lífið.

Verðlaun þau, er sjóðurinn veitir, munu að jafnaði fólgin í fjestykk miðum við kringumstæðurnar, til þess að tryggja þá sem fyrir slysinu hafa orðið, eða — ef þeir hafa beðið bana — afkomendur þeirra gegn efnaskorti sem afleiðingu af hreystiverki þeirra

Í sambandi við slíka styrkveitingu eða án hennar má sem verðlaun veita hlutaðeiganda heiðurspening, sem stjórn sjóðsins sjer um að mótaður sje.

Sem menn, er eftir atvinnugrein sinni hafa sjerstaklega tækifæri til að sýna hugprýði við björgun, má til dæmis nefna: Björgunarlið, björgunarmenn, aðra sjómenn, verkamenn við hættulegar iðnaðargreindir, lækna, hjúkrunarfólk járnbrautarþjóna, brunaliðsmenn, lögregluþjóna eða sjerstaka björgunarliðsflokkka.

5. gr.

132

24. febr.

Styrk úr sjóðnum má eftir álitum í hvert sinn veita annaðhvort í eitt skifti fyrir öll eða fyrir vist tímabil.

Varanlegan styrk má veita fyrir það tímabil, sem hlutaðeigandi hefir orðið annaðhvort að öllu eða nokkru leyti eigi fær um að vinna fyrir sjer af afleiðingum af björgunar-hreystiverkinu. Hafi björgunarmaður mist lífið, getur styrkur sá, er ekkju hans er veittur, haldist þar til hún kann að giftast á ný, en styrkur til eftirlifandi barna getur haldist þangað til þau hafa fengið uppeldi það, er nauðsynlegt er til þess að þau geti unnið fyrir sjer. Börnum, sem eru einkar vel gefin, má veita riflegri styrk til þess að mentast eða afla sjer frekari mentunar eða þekkingar í sjerfræðigreinum.

Styrk má eigi aðeins veita ekkjum og börnum, heldur einnig öðrum eftirlátnum ættingjum, hafi þeir lifað með þeim framliðna, og hann að mestu staðið straum af þeim.

Varanlegur styrkur greiðist að jafnaði mánaðarlega.

6. gr.

Það er skilyrði fyrir sjerhverri styrkveitingu úr sjóðnum, að sá, sem styrkinn fær, sje þurfandi fyrir hann, og að honum eftir ákvörðnn sinni sje varíð í þarfir hlutaðeiganda á sem hentugastan hátt. Þegar um vanalegan styrk er að ræða, skal af hálfu sjóðsins haft eftirlit með lifnaðarhætti styrkþega, og gjöri hann sig annaðhvort óverðugan styrksins eða batni kjör hans, getur það leitt til þess að styrkurinn verði tekinn af honum. Þó skal styrkþega, þegar svo ber undir, gefinn kostur á að verja sig gagnvart framkomnum kærum frammi fyrir sjórn sjóðsins, og sömuleiðis má veita honum hæfilegan frest til reynslu.

7. gr

Áður en styrkur er veittur af sjóðnum, skal sjeð fyrir því, að fjárstyrkur sá, sem hlutaðeigandi hefir trygt sjer gegn sjúkdómi, slysi eða dauða, komi honum að fullum notum. Ennfremur ber að sjá um að gjöra á rjettan hátt kröfu til opinbers styrks, annars en fátækrastryks, eða til eftirlauna, styrkveitingar eða verðlauna úr opinberum sjóðum, er styrkþurfi kann að eiga tilkall til. Álitist fje það, sem aflað verður á framangreindan hátt. eigi nægilegt eins og á stendur, kemur til kasta sjóðsins að veita styrk.

8. gr.

Sjóðurinn skal eftir því sem best hentar vera í samvinnu við fjelög eða stofnanir, hvort sem þau eru opinber eða ekki, sem hafa það fyrir markmið að veita verðlaun mönnum þeim, sem hætta lífi sínu eða láta lífið, er þeir eru að inna af hendi eitthvert mannúðarlegt hreystiverk.

9. gr.

Stjórn sjóðsins fær engin laun, og eru í henni:

Sendiherra Bandaríkja Norður-Ameríku í Danmörku, utanríkisráðherra Dana, innanríkisráðherra Dana, forstjóri skrifstofu Hans hátignar konungsins, sem fastir stjórnarmeðlimir, og ennfremur: 2 meðlimir kosnir af utanríkisráðuneytinu og 5 meðlimir kosnir af innanríkisráðuneytinu fyrir 3 ár í senn.

Í stjórninni skulu sitja að minsta kosti einn maður úr flokki verkmanastjettarinnar og ennfremur einn læknir og einn maður, sem sjerþekking hefir á lífsábyrgðarstörfum.

Stjórnin kys úr sínum flokki fyrir 3 ár í senn: formann, tvo varaformenn og skrifara, og ráðstafar að öðru leyti því, er að framkvæmdum sjóðsins lýtur.

10. gr.

Stjórninni ber á eigin ábyrgð að gjöra út um öll mál, er snerta verðlaun úr sjóðnum, í samræmi við tilgang hans og reglur þær, er settar eru í skipulagskrá þessari. Úrskurður stjórnarinnar í því efni er fullnaðarúrskurður, og verður eigi skotið til dómstólanna.

Stjórnin skipar starfsmenn þá, er með þarf, til að hafa á hendi reikningshald sjóðsins og önnur störf.

11. gr.

Stjórnin sjer um að eignum sjóðsins sje komið fyrir á tryggilegan hátt. Verði verðbrjef þau, er stofnandi sjóðsins hefir afhent, innleyst, eða þeim komið í peninga, skal höfuðstól sjóðsins komið fyrir samkvæmt reglum þeim, er gilda um ómyndugra fje eða annað fje, sem stendur undir umsjón þess opinbera. Eignir sjóðsins skal, að svo miklu leyti sem unt er, nafnskrá undir nafn sjóðsins og á þær ritast afhendingarbann innanríkisráðuneytisins.

12. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Stjórninni ber að semja árlegan reikning yfir höfuðstól sjóðsins, tekjur hans og útgjöld, og skal hann yfirfarinn af 2 endurskoðendum; skipar utanríkisráðuneytið annan þeirra, en innanríkisráðuneytið hinn. Endurskoðendum greiðist árleg þóknun, er nefnd ráðuneyti ákveða.

Ársreikningurinn úrskurðast af innanríkisráðuneytinu í samráði við utanríkisráðuneytið.

13. gr.

Stjórnin gefur Hans hátign konunginum árlega skýrslu um starfsemi sjóðsins fyrir hvert starfsár. Endurrit af henni skal senda utanríkisráðuneytinu og innanríkisráðuneytinu. Í skýrslu þessari skal vera skrá yfir persónur þær, er hlotið hafa verðlaun úr sjóðnum á árinu, og skal þar lýst tegund verðlaunanna, stærð og ástæður fyrir þeim.

Skýrsluna og ársreikninginn skal birta opinberlega samkvæmt ráðstöfun **132**
innanríkisráðuneytisins. 24. febr.

14. gr.

Komi það með tímanum í ljós, að ekki þurfi á öllum árstekjum sjóðsins að halda til þess augnamiðs, sem ákveðið er í 4. gr. skipulagsskrárinnar, skal stjórninni, að fengnu sameiginlegu samþykki innanríkisráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins, vera heimilt að verja nánara ákveðinni upphæð til styrktar persónum, er orðið hafa fyrir slysi, eða ekkjum og börnum þeirra, er dáið hafa af slysum. Þess skal þó jafnan gætt, að hlutadeigandi sje þurfandi og verðugur styrksins, og að hann fái fullar löglegar skaðabætur samkvæmt tryggingu gegn slysi m. m., sbr. 7. gr. skipulagsskrár þessarar.

15. gr.

Starfsemi sjóðsins hefst 1. janúar 1912.

16. gr.

Styrk þann, er veittur er af sjóðnum, má eigi leggja lögald á, gjöra fjárnám í, eða hefja málssókn útaf á annan hátt, eða taka með við gjaldprotaskifti.

17. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

New York, 30. desember 1911.

Andrew Carnegie.

Skýrsla

133

um lán veitt úr landssjóði árið 1912 til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum samkvæmt lögum nr. 30, 16. nóvbr. 1907.

	Lánið veitt:	Upphæð:
1. Vellir í Svarfaðardal	21. febr.	kr. 3000 00
2. Vatnsfjörður	21. maí	— 3000 00
3. Hvammur í Laxárdal	29. júní	— 3000 00
4. Fellsmúli	8. júlí	— 3000 00

Stjórnarráðið, 30. desbr. 1912.